

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 — 1982

4. september 1982.

941

Nr. 535.

FJALLSKILAREGUGERÐ

fyrir Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Fjallskilareglugerð þessi tekur til allra hreppa í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstaðar, sem saman mynda eitt fjallskilaumdæmi.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu, en sveitarstjórnir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði. Sýslunefnd og sveitarstjórnir gæta þess, að farið sé í öllum atriðum eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Hvert upprekstrarfélag sér um leitir og önnur fjallskil innan síns svæðis. Samningar milli sveitarfélaga eða upprekstrarfélaga skulu vera í fullu gildi, þó að þeir fari að einhverju leyti í bága við þessa skipan, enda hafi þeir verið samþykktir af sýslunefndinni. Slíkum samningum má ekki breyta nema með samþykki sýslunefndar.

3. gr.

Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn kjósa mann til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála fjallskiladeildarinnar, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, og nefnist hann fjallskilastjóri.

Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjóra bókhald vegna fjallskilanna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Fjallskilastjórum ber þóknun fyrir störf sín úr fjallskilasjóði.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

4. gr.

Land sem fjallskilaframkvæmd tekur til skiptist í afrétti og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við tekur og fjallskilaframkvæmd til þeirra eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um fjallskil og reglugerð þessari.

5. gr.

Upprekstri sauðfjár og hrossa í afrétt skal haga í samræmi við ákvarðanir sveitastjórnar. Sveitarstjórnir og fjallskilastjórar í umboði þeirra skulu ákveða, hve snemma sumars má

B 118

reka á afrétt og mega hlutaðeigendur ekki flytja búpening á afrétt fyrr en sveitarstjórnir eða fjallskilastjórar leyfa það. Reka skal á miðjan afrétt, nema fjallskilastjórar hafi ákveðið annað. Hróta eldri en veturgamla má eigi reka á afrétt enda eru þeir undanþegnir fjallskilaskyldum.

Pannig skal reka gegnum heimalönd, að sem minnstur bagi verði að og er hreppsnefnd heimilt að ákveða hverjar leiðir skuli reka á afrétt. Aldrei má, án leyfis eiganda, reka annarra manna fénað á afrétt, nema víst sé að á afrétt eigi að vera.

Ef afréttur er afgirtur og afréttarpeningur safnast við þá girðingu síðara hluta sumars, ber sveitarstjórn og fjallskilastjóra að sjá um, að sá búpeningur verði fjarlægður þaðan.

6. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem hafa afnot af jörð eða jarðarhluta innan marka upprekstrarfélagsins. Þessi réttur er óframseljanlegur, og er öllum óheimilt að taka til upprekstrar fé eða hross af öðrum, nema með fullu samþykki fjallskilastjóra, sem tekur þá fullt hagagjald, sem hreppsnefnd ákveður hverju sinni. Þó hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

7. gr.

Heimilt er umráðamanni lands, sem verður fyrir ágangi af afréttarpeningi að sumrinu eða peningi, sem á að vera í girtum heimahögum, að kvarta um það til hlutaðeigandi fjallskilastjóra, og skal hann þá láta reka fénað á afrétt eða ráðstafa honum á annan þann hátt, er sveitarstjórn ákveður. Hafi þessu búfé eigi verið ráðstafað innan tveggja sólarhringa, hefir sá, sem fyrir áganginum verður, rétt til þess að reka sjálfur fénað þennan á afrétt. Kostnaður við þessa rekstra greiðist úr fjallskilaskyldu, sem hlut á að máli.

Enginn má reka fénað þann, sem úr afrétt gengur, til sveitar eða nágretta.

Enginn má sleppa fénaði sínu á afrétt eftir fyrstu göngur, nema hreppsnefnd leyfi.

8. gr.

Eigi má ónáða fénað á afrétti og eigi, nema með leyfi sveitarstjórnar og fjallskilastjóra, taka þaðan búfénað.

III. KAFLI

Um göngur og réttir.

9. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver, sem á stóðhross. Skal hver leggja til fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður. Fjallskilastjóri metur allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafnar honum á alla sauðfjár- og stóðhrossaeigendur upprekstrarfélagsins. Skal jafnt gjald lagt á hvert stóðhross og 7 kindur. Fyrir nautgripi, sem á afrétt ganga, skal greiða jafnt gjald og fyrir 5 kindur. Gjaldhlutfalli þessu má eigi breyta nema með samþykki sýslunefndar. Skyldur er hver húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimilisfólk sitt og aðra, sem eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað, gegn endurgjaldi frá búfjáreiganda. Fjallskilastjóri skal leggja búnaðarskýrslur eða skattframtöl til grundvallar niðurböfnun fjallskila, þó með leiðréttingum vegna vanhalda eða eigendaskipta, sem tilkynning hefir borist um eigi síðar en 10. júlí.

Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda.

10. gr.

Skyldur er hver eigandi fénaðar að gera fjallskil í því sveitarfélagi, sem hann á heimili í. Skal hann gera full fjallskil í því sveitarfélagi, sem fénaði hans er framfleytt í árlangt, þótt hann eigi þar ekki lögheimili, enda er hann þá ekki fjallskilaskyldur af þeim fénaði þar, sem hann á lögheimili.

Nú notar einhver til upprekstrar annan afrétt eða heimaland en þau lönd, sem honum ber upprekstur í, og skal hann þá gera þar full fjallskil, en hálf þar, sem hann átti upprekstur. Þó hafa upprekstrarfélög heimild til að gera um þetta sérstaka samninga.

Sá, sem notar land utan upprekstrarfélags síns, skal hafa tilkynnt það sveitarstjórn í því sveitarfélagi, sem hann á heima í, fyrir tólftu sumarhelgi.

11. gr.

Þar, sem tvö eða fleiri sveitarfélög nota sama afrétt, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða fjallskilastjórar eiga fund með sér eigi síðar en í 17. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Fjallskilastjóri í því sveitarfélagi, þar sem skilarétt er, kveður til þessa fundar. Skal þá hver fjallskilastjóri leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa í hreppnum, staðfesta af hreppstjóra, og eftir þeim skýrslum fer, hvernig fjallskilin skiptast milli hreppa.

12. gr.

Nú eiga einhverjir búfjáreigendur að gera fjallskil í öðrum hreppi en þeim, sem þeir eru búsettir í, og skal þá hreppstjóri, þar sem þeir eru búsettir, senda fjallskilastjóra, sem hlut á að máli, skýrslu um búfjáreign manna eftir búnaðarskýrslum eða skattframtali áður en 12 vikur eru af sumri.

13. gr.

Fjallgöngur skulu vera a. m. k. tvennar eða þrennar haust hvert eftir ákvörðun hlutaðeigandi hreppsnefndar. Síðustu göngum skal lokið fyrir hreppaskil. Fjallskilastjórum er heimilt að láta fara fram eftirleitir á afréttarlöndum. Hreppsnefndir ákveða, hvenær göngur hefjast, þó skulu göngur aldrei hefjast síðar en sunnudaginn í 22. viku sumars, nema sérstakar ástæður hamli að dómi hreppsnefndar.

14. gr.

Fjallskilastjóri kveður íbúa sveitar með gagnaboði til fjallskila með hæfilegum fyrirvara áður en fjallgöngur byrja. Í gagnaboði skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann borga þau, ásamt sekt í fjallskilasjóð allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

15. gr.

Fjallskilastjórar skulu skipa einn duglegan gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjóri skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Hann skal sjá um að fjársöfn séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnanna þar til fénaður er kominn í náthaga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina.

16. gr.

Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara svo vel sem unnt er með fé og hross í göngunum. Ef kindur og hross koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal gangnastjóri ákveða hverju sinni, hversu með skuli fara.

17. gr.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem sannað er með vottorðum tveggja manna, að reynst hafi óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskilin að nokkru eða öllu leyti.

Ef fjáreigandi hefir engan færán mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það fjallskilastjóra skriflega 6 dögum áður en skilin eiga að vinnast, en fjallskilastjóri útvegar þá mann eða annað, sem vantar, svo sem hest eða fæði, og borgar þá fjáreigandi allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir, án tillits til mats á þeim.

18. gr.

Fjallskilastjórar skulu sjá um að koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum þar, sem slíks er þörf, og skal kostnaður sá, sem af þessu leiðir, greiddast af fjallskilasjóðum.

IV. KAFLI

Um hreinsun heimalanda á haustum.

19. gr.

Hver búandi eða umráðamaður lands er skyldur að hreinsa land sitt á haustum svo oft sem sveitarstjórn og fjallskilastjóri fyrirskipa, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

20. gr.

Sveitarstjórn og fjallskilastjóri skulu skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda samtímis hverjum fjallgöngum. Þar sem víðlend heimalönd liggja að afrétti skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns, sem fjallskilastjóri skipar, í samlögum búenda, eftir því sem best til hagar á hverjum stað og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við. Allan óskilafénað, sem kemur fyrir, skal fara með samkvæmt fyrirmælum fjallskilastjóra.

21. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilastjóri skulu sjá um, að eftir réttir á haustin séu öll heimalönd rækilega smöluð svo oft, sem nauðsyn þykir til, og að fénu verði komið áfram til skila eftir þeim leiðum, sem ákveðnar verða.

V. KAFLI

Um réttun sauðfjár og hrossa.

22. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til séu á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilksrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

23. gr.

Skilaréttir eru:

1. Stíflurétt.
2. Flókadalsrétt.
3. Skálárrétt.
4. Unadalsrétt.
5. Deildardalsrétt.
6. Laufskálarétt.
7. Silfrastaðarétt.

8. Vesturdalsrétt.
9. Mælifellsrétt.
10. Grófargilsrétt.
11. Staðarrétt.
12. Skarðarétt.
13. Selnesrétt.
14. Stafnsrétt.

Rétta skal sauðfé og hross í þessum réttum á þeim tímum, sem sveitarstjórnir ákveða.

Hver sveitarstjórn ákveður á sínu svæði, hver lönd smala skuli til hveðrar réttar. Rísi ágreiningur út af þessu, sker sýslunefnd úr.

24. gr.

Sveitarstjórn ber skylda til að koma upp og sjá um viðhald rétta (almenninga og dilka), og eftir því, sem lögmætur sveitarfundur samþykkir, jafnar hún niður kostnaði á fjallskilaskylda búfjáreigendur.

Nú koma hlutaðeigendur sér ekki saman um, hvernig jafna skal niður kostnaði við að koma upp rétt, og sker þá sýslunefnd úr.

Við hverja skilarétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu vera til nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum sveitarfélögum.

25. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt, og má réttarstjórinn teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Hann skipar fyrir, hvernig fjárdrætti skuli hagað og heldur mönnum til starfa. Vanræki einhver réttarstörfín, skal réttarstjóri ráða mann til starfans á hans kostnað.

Réttarstjóri má skipa áreiðanlega menn til að kanna fé utansveitarmanna, áður en það er rekið frá réttinni.

Fjallskilastjóri skal skipa einn eða fleiri menn frá hverju dilksfélagi til að vera réttarstjóra til aðstoðar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörfín.

26. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni undir eins og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk, svo að eigendum gefist kostur á að láta mæður helga sér þau.

Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs, nema ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggja fyrir um eiganda. Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði.

Að afloknum réttarstörfum skal réttarstjóri afhenda hreppstjóra alla ómerkinga til ráðstöfunar. Frá aukaréttum skal láta ómerkinga ganga til aðalréttar með öðrum úrtíningi. Réttarstjóri skal kveðja menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá í fyrstu og síðari réttum, og mega þeir ekki hverfa úr þeim starfa fyrr en lokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Meðan varnir gegn sauðfjársjúkdómum haldast skulu ákvæði sauðfjársjúkdómanefndar gilda um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að reka eða flytja úrtíning tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

27. gr.

Í réttum má enginn marka fénað, án þess að hann jafnframt skýri réttarstjóra frá, hverja heimild hann hafi til mörkunarinnar. Réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér mark skepunnar, ef hún er áður mörkuð, og nafn eiganda þess marks, ef þekktist, og afhenda skýrsluna hreppstjóra.

28. gr.

Fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í réttir annarra sveita, þar sem helst eru fénaðarsamgöngur, til að hirða þar fé og hross fyrir sveitunga sína.

29. gr.

Maður sá, sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samrekstrarðögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrr en úrtíningur hefir verið skoðaður vandlega eftir markaskrá. Sannist það, að hann láti verða eftir fé eða hross sveitunga sinna, sem eru með glöggu, skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema gildar málsbætur séu.

Fjallskilastjóri ákveður, hvert reka eða flytja skuli fénað þennan og hvernig haga skuli skilum á honum.

30. gr.

Í haustgöngum skal, ásamt fé, smala stóðhrossum af afréttum og rétta þau.

Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum í heimalöndum, fyrsta þriðjudag á vetri, fyrsta þriðjudag í desember og síðan fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði vetrarins úr því eða næsta dag, ef fært er, ef veður hamlar hinn tiltekna dag. Skal þá í hverju sveitarfélagi fara fram sundurdráttur á öllum hrossum, sem koma fyrir, á þeim stöðum, sem fjallskilastjóri ákveður. Þau hross, sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað og þau seld.

31. gr.

Stóðhross skulu dregin í sundur í aukaréttum og skilaréttum, og skal úrtíningur sá, sem verður í aukaréttum, rekinn tafarlaust til skilaréttar. Meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld, og skal hann kappkosta að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljótist slys af.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar.

32. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afréttar eða heimalanda, skal leitast við að handsama svo fljótt sem verða má ómerkinga, sem vart kann að verða, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

33. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um, að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem geta skal marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé, sem kemur fram eftir réttir og ekki finnast eigendur að eða kemst ekki til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt.

Andvirði alls óskilafjár, sem fargað er, skal lagt inn á sérstakan reikning, þannig að greiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annar óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

34. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda markaumsjónarmanni, sem ráðinn er af sýslu-nefnd, greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði, er fargað hefir verið í hreppnum og eigendur hafa ekki helgað sér. Markaumsjónarmaður skal senda endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtingablaði. Í ómakslaun og prentunarkostnað skal greiða hæfilegt gjald.

VII. KAFLI

Um fjármörk og markaskrár.

35. gr.

Fjármörk eru: eyrnamörk, hornamörk og brennimörk. Hver fjáreigandi er skyldur að einkenna fé sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfé er soramarkað, þá skal hafa brennimark á hornum. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda að hafa hrepps-brennimark á vinstra horni á hyrndu fé eldra en lömbum. Lömb skulu mörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Kollótt fé skal einkenna með plötu í eyra með sömu stöfum og hrepps-brennimarkið. Ef einhver vanrækir að hafa brennimark á fé sínu eða merkja það með plötu í eyra, getur hann ekki krafist skaðabóta, þótt fé hans verði eftir í útréttum og úrtíningi eða fari skakka leið í bæjarrekstrum. Forystufé, sem á afrétt gengur, skal til auðkennis hafa bjöllu eða bjöllumkeng í horni.

36. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sönnun komi fyrir, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnmarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefir eyrnmarks eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess, sem brennimarkið á. Þó skal hann, ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hafi eignast kindina. Enginn má nota annars mark, nema með leyfi markeiganda.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð eða á henni er óljóst mark eða vafasamt, en maður vill eignast hana af líkum, og getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri, ásamt tveim óvilhöllum mönnum, er hann til kveður, meta ástæður þær, er hlutadeigandi hefir til stuðnings máli sínu. Ef þeim kemur öllum saman um, að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin, er honum frjálst að leita réttar síns með málsókn. Sama gildir um hross marklaus eða með óglöggu marki.

37. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðar-mark, enda hafi eigi annar maður í því héraði eða hinum næstu sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.

Særingarmörk mikil má ekki upp taka, né heldur þau mörk, sem vandkvæði er á að marka, svo að eigi valdi villu eða vafa: bragð, netnál, hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hvatt, sýlt í helmingað, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, sem bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Séu þau fleir en hér eru talin, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

38. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 8. hvert ár, og skal þar með prenta fjallskilareglugerð sýslunnar, þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skylt er mark-eiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá umdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal talið niður fallið, og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti mark, eiga forgangsrétt til þess, ef hann tekur það upp innan 8 ára.

Markeigendum er skylt að greiða gjald, sem sýslunefnd ákveður, fyrir hvert mark, sem á að prenta í markaskrá. Hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörð við ábúendaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur geta komið fyrir.

Áður en mörkum er safnað til prentunar skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, og hrökkvi eigi gjaldið, skal greiða það, sem á vantar, úr sýslusjóði.

39. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka og söfnun. Kosning hans gildir 8 ár í senn. Kaup hans skal að meðtöldum öllum kostaði við starf hans vera 10% af markagjaldi, nema öðru vísi sé um samið.

Rétt er, að markausmjónarmaður geri sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó framan á eyra fyrr en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formarki á hægri eyra, og skal það fyrsta í hverjum flokki skráð fullum stöfum, en hin síðari með strikum. Innan flokks ræður hægri eyra röðinni, en vinstra eyra, þegar sama mark er hægri. Í fyrsta flokki teljast þau mörk, sem hægri eyra er alheilt, og fremst í hverjum flokki þau, sem vinstra eyra er marklaust. Í marklýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirbenjar framan og aftan, og fyrr sú efri, ef tvær eru sömu megin, síðast undirmark á miðju eyra.

40. gr.

Sveitarstjórnir skulu, hver í sínu sveitarfélagi, kjósa mann til að safna mörkum í sveitinni og innheimta gjald fyrir þau. Í ómakslaun ber honum 10% af markagjaldi sveitarfélags. Kosningu hans skal oddviti tilkynna markausmjónarmanni fyrir septemberlok það ár, sem mörkum er safnað.

Markasöfnun fer fram í október mánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil með fullu nafni og heimili mark-eiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnir fyrir hausthreppaskil, og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnframt og safnandi hefir veitt seðlum móttöku skal athuga mörkin vandlega með samanburði við gildandi markaskrá og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misrituð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði

reglugerðar um upptöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi töluröð í rétttri stafrófsröð og senda þá markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok. Skal þar með fylgja markagjald sveitarfélagsins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefir prófað, að gjaldið er rétt, afgreiðir hann það til oddvita sýslunefndar.

Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers hrepps senda markaumsjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekinn mörk í sveitinni og sömuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa verið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins og hvenær það var síðast prentað. Með nýuppteknum mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni.

Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi athuga hana vandlega, að því er snertir öll mörk í sveitinni. Finni hann villur, er valdið getið misdrætti, skal hann í samráði við mark-eigendur semja leiðréttingar og senda þær markaumsjónarmanni fyrir árslok. Leiðréttingar skulu prentaðar á kostnað sýslusjóðs gegn endurgjaldi frá þeim, sem að villunum eru valdir.

41. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borist markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla úr sveitinni, síðan allar skýrslurnar saman sín á milli, og loks hverja skýrslu saman við markaskrár innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, sem teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk, sem líkjast um of hvert öðru, og ennfremur mörk, sem ekki má taka upp samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru felld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefir verið fellt niður mark, og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflaga og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið sem líkast því, er hann hafði kosið sér. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á, að hann taki upp markið, og skal það prentað í markaskránni.

Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann leita samþykkis umsjónarmanns og að því fengnu auglýsa markið í Lögbirtingablaði. Eftir það er honum markið frjálst til notkunar, en óheimilt að öðrum kosti.

42. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, sem flust hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir markaumsjónarmanni sýslunnar fyrir lok fardaga á vori. Að fengnu samþykki hans skal auglýsa mörkin í Lögbirtingablaði. Þeir, sem vanrækja þetta eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fé þeirra verið farið sem óskilafé.

43. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir Eyjafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu um ráðstafanir til að afstýra sammerkingum og námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur geta komið fyrir. Takist téð samvinna, skulu markaumsjónarmenn sýslanna koma saman á fund í janúarmánuði það ár, sem markaskrá á að prenta, til þess að hafa eftirlit með upptöku marka. Á fundinum skulu umsjónarmenn leggja fram nákvæmar skýrslur, hver fyrir sína sýslu, um öll nýupptekin mörk og þau eldri mörk, sem eigi hafa verið í síðustu markaskrá. Skýrslur þessar skulu vandlega athugaðar, og felld niður þau nýupptekin mörk, sem teljast of lík eldri mörkum, eða líkjast um of hvert öðru, og má þá eigi prenta þau í markaskrár sýslanna. Jafnframt skulu fundarmenn koma sér saman um önnur ný mörk, er upp megi taka í stað þeirra, sem niður eru felld.

Ef markaeftirlitsfundur ferst fyrir eða eigi er unnt að halda hann í tæka tíð, skulu markaumsjónarmenn bera sig saman bréflaga. Skal umsjónarmaður hvernar sýslu senda

umsjónarmönnum hinna sýslanna skýrslu um öll nýupptekin mörk í sýslunni, að undanskildum þeim mörkum, er hann hefir bent hlutaðeigendum á að fella niður, en að viðbættum þeim mörkum, er hann hefir bent hlutaðeigendum á að taka upp í þeirra stað. Ber umsjónarmönnum að annast um, að ekkert af þeim nýuppteknu mörkum, er valdið geta sammerkingum eða námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur eiga sér stað, verði prentuð í markaskrá sýslunnar.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

44. gr.

Ef meirihluti búenda í upprekstrarfélagi samþykkir á almennum fundi í félaginu að leggja girðingu til að varna því, að sauðfé og stóðhross gangi úr afrétti á sumrin í búfjárhaga, er sveitarfélögum upprekstrarfélagsins heimilt að setja reglur um slíka girðingu, þar sem nákvæmlega skal mælt fyrir um alla tilhögun girðingarinnar og viðhald. Kostnaði við girðinguna skal jafna niður á notendur afréttarins eftir tölu búfjár, sem á afrétt er rekið eða ber að reka. Heimilt er einnig að jafna hluta stofnkostnaðar á landverð jarða.

Reglur þessar skulu bornar undir sýslunefnd til staðfestingar og gilda sem bindandi samþykkt fyrir upprekstrarfélagið, uns þeim er breytt á sama hátt og þær eru gerðar.

45. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða heimalandssmölun.

46. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömu leiðis heyra undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnnum og hreppstjórnnum, er snerta fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

47. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum, og skulu sektir renna í sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem brot er framið í.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðarinnar, skal fara að hætti opinberra mála.

48. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89, 16. ágúst 1935, ásamt síðari breytingum við hana.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., nr. 42, 12. maí 1969 og breyting á þeim l. nr. 43/1976, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1982.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.